

Anna Lísu Guðmundsdóttir
Jóna Kristín Ámundadóttir

Mýragötusvæði
Fornleifaskráning hluta jarðarinnar
Hlíðarhúsa, hjáleigunnar Ánanausts
og hluta jarðarinnar Sels

vegna deiliskipulags reits sem afmarkast af Vesturgötu, Norðurstíg,
Tryggvagötu og Ánanaustum.

Minjasafn Reykjavíkur

Árbæjarsafn
Sérprentun úr skýrslu nr 98
Reykjavík 2003

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	3
2.	Aðferðafræði	4
3.	Saga Hlíðarhúsa - 181283-3	6
4.	Hluti af fornleifaskrá jarðarinnar Hlíðarhúsa.....	10
5.	Saga Ánanausta 181283-4.....	22
6.	Fornleifaskráning Ánanausts 181283-4.....	23
7.	Saga Sels - 181281-1.....	25
8.	Hluti af fornleifaskrá Sels 181281-1.....	26
6.	Niðurstöður	27
7.	Heimildaskrá	28

Myndaskrá

Mynd 1.	Samsett kort Hlíðarhús.....	5
Mynd 2.	Hlíðarhús (nr. 3-1) 1887, horft vestur eftir.....	6
Mynd 3.	Hlíðarhús (nr. 3-1) 1887, horft austur eftir.....	6
Mynd 4.	Hlíðarhús. Vesturbær um 1920.....	7
Mynd 5.	Hlíðarhúsastígur (Vesturgata) og Hlíðarhús (Austurbær) 1897.....	8
Mynd 6.	Samsett kort Hlíðarhús, staðsetning fornleifa sem tilheyra Hlíðarhúsajörðinni.....	9
Mynd 7.	Ánanaust upp úr aldamótum.....	22
Mynd 8.	Samsett kort Hlíðarhús. Á kortið eru merktar fornleifar Ánanausta..	22
Mynd 9.	Samsett kort Hlíðarhús. Á kortið eru merktar fornleifar Sels.....	26

1. Formáli

Verkefni þetta er unnið að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs vegna deili-skipulagsgerðar á Mýrargötusvæði. Ákveðið var að skrá einungis þann hluta af jörðunum sem eru innan reitsins. Því nær fornleifaskráningin yfir hluta Hlíðarhúsajarðarinnar, eða þann hluta sem er norðan Vesturgötu og vestan Norðurstígs. Hjáleigan Ánanaust er öll skráð, en aðeins lítill hluti af Seli. Minjarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp, sem Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn tók í notkun á síðasta ári.

Í þjóðminjalögum¹ kemur fram að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskur menningararfur flytjist óspilltur til komandi kynslóða. Meðal þess sem telst til menningararfsins eru fornleifar sem í 9. grein þjóðminjalaga eru skilgreindar þannig:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir;

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Þetta á við um allar fornleifar, þekktar sem óþekktar, sbr. 13. grein:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

¹ Þjóðminjalög 107/2001 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001107.html>

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að fornleifar verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu.

Í skýrslu þessari er tekin saman skrá yfir þá staði sem geyma fornleifar og aðrar yngri menningarminjar innan reitsins. Skrá þessi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar fyrir gerð deiliskipulags. Umrætt svæði er mjög þéttbýlt og margbyggt, þar af leiðandi er lítið um að fornleifar séu sjáanlegar á yfirborði. Gott deiliskipulag tekur tillit til sögu, minja og þess umhverfis sem fyrir er og skapar þannig tengingu á milli fortíðar og nútíðar.

2. Aðferðafræði

Við fornleifaskráningu reitsins var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem svæðið var skoðað. Tíndir eru til þeir staðir sem hugsanlega hafa að geyma minjar. Þar sem svæðið er þéttbýlt hafa minjastaðir raskast eða jafnvel eyðst vegna framkvæmda, eftir geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að hafa aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Fornleifarnar eru skráðar í skráningarkerfið Sarp. Kerfið byggir á því að fornleifar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-45. Fornleifarnar fá þrískipt númer, í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847, þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar.


Deiliskipulagsreitur sá sem hér er tekinn fyrir, nær yfir hluta af Hlíðarhúsajörðinni (181283-3), alla Ánanaustahjáleiguna (181284-4) og að lokum yfir lítinn hluta af Selsjörðinni (181281-1). Einungis eru teknir fyrir þeir minjastaðir sem tilheyra þessum reit en aðrir sem ekki falla innan reitsins verða að bíða betri tíma. Skrár fornleifa og húsa geta skarast, en meginreglan er sú að í fornleifaskrá eru skráðir þeir staðir þar sem mannvirki hafa staðið, en standi t.d. hús á lóð enn að einhverju leyti eða hluta eru því gerð skil í húsaskrá.

Við fornleifaskráningu er sögu jarðanna gerð skil, þar er varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar á staðnum. Tegundum og hlutverki minja er lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem „heimild“. Á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé þar enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem gefa tilefni til að fornleifar séu skráðar.

Við skráningu fornleifa á svæðinu er aðallega notast við kort Sveins Sveinssonar 1887 (sjá mynd bls. 5). Korti Sveins var síðan varpað á núverandi skipulag sem er tekið úr Borgarsjánni (sjá mynd 1). Fornleifar voru síðan staðsettar og kemur fram undir „staðhættir og lýsing“ hvar þær eru, auk þess sem sett eru inn hnit fyrir hvern minjastað, samkvæmt ISN-93. Hnit þessi eru fengin úr Borgavefsjánni.²

Elsta kort af Reykjavík er frá árinu 1715, gert af Hans Hoffgard og þar eru merktir inn bæirnir Hlíðarhús, Ánanaust og Sel. Þegar Sveinn Sveinsson gerir uppdráttinn 1876 af Reykjavík er byggðin aðeins farin að teygja sig vestur eftir Hlíðarhúsastíg, en mikil aukning verður í byggð á svæðinu upp úr 1866 eftir að bæjarsjóður eignast jörðina Hlíðarhús og hjáleiguna Ánanaust.

² Borgarvefsjain, <http://borgarvefsja.is/website/bvs/>



Mynd 1. Samsett kort Hlíðarhús. Kortið er sett saman úr tveimur kortahlunnum, undir er grunnur úr Borgarsjónni sem sýnir skipulagið eins og það er í dag (10.01.2003), yfir er sett kort Sveins Sveinssonar frá 1887. Vesturgata – Hlíðarhúsastígur liggur þvert yfir kortið frá vestri til suðaustur og endar í hægri horninu.

3. Saga Hlíðarhúsa - 181283-3

Hlíðarhús var upprunalega hjáleiga Reykjavíkurbæjarins og er bærinn talinn innan landamerkja Reykjavíkur í vitnisburði um landamerki Reykjavíkur frá því um 1500.³ Hlíðarhús voru orðin sjálfstæð jörð um 1600 og voru Ánanaust hjáleiga þaðan. Þetta sést á því að þegar Guðrún Magnúsdóttir, ekkja Narfa Ormssonar, síðasta sjálfseignarbóndans í Reykjavík, seldi konungi jörðina skömmu fyrir 1616, voru Hlíðarhús ekki talin með í Kónigsbréfi frá 19. apríl 1616.⁴ Talið er að tún jarðarinnar hafi náð niður að Grófinni til austurs⁵ en að Bræðraborgarstíg til vesturs og hafi síðar verið kallað Doktorstún.⁶ Beitarhús hafði jörðin í Sauðagerði. Sel hafði hún í Seljamýri sem var undir Öskjuhlíð.⁷

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að samkvæmt sögn manna séu Hlíðarhús partur af Víkurlandi og sjötugur jarðarinnar. Hins vegar höfðu Hlíðarhús þá sérstöðu að þau voru aldrei konungseign, gagnstætt því sem var algengast á suðvesturhorni landsins, heldur í bændaeign og voru því talin til sjálfstæðra lögbýla.⁸



Mynd 2. Hlíðarhús (nr. 3-1) 1887, horft vestur eftir. Torfbær norðan við er nr. 3-11.⁹

Gísli Hákonarson lögmaður (d. 1631) mun hafa verið ábúandi í Hlíðarhúsum. Samkvæmt ábúendatölu frá 1681 bjuggu í Hlíðarhúsum Símon Árnason og kona hans Helga Gunnarsdóttir.¹⁰ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 er Elín Hákonardóttir sögð eigandi. Ábúendur eru tveir, þeir Stefán Jónsson og Árni Hildibrandsson. Árið 1708 seldi Elín Hlíðarhús ásamt Ánanaustum Ólafi Ólafssyni fyrir 100 ríkisdali í lausafé,¹¹ en Ólafur gaf þessar eignir Helgafellskirkju á Snæfellsnesi árið 1723.¹²

Svo segir í jarðabók J. Johnsen: „Árni Magnússon einn segir frá dýrleika á Hlíðarhúsum (öllum), en í jarðabókinni 1760 er líka sagt frá leigumálum, sem hér greinir. Á Ánanaustum, út af fyrir sig, telur Á. M. 47,1/2 al.1sk. 1 kúg, en prestur nefni þau eigi og telur hann á Hlíðarhúsum öllum vera 16 býli (85 manns), hvar af en flestu (14) vera tómthús. Í nýnefndum konungs úrskurði segir, að leggja megi

³ Dipl.Isl. VII nr. 474.

⁴ Ólafur Lárusson, 1944. Byggð og Saga, bls. 97-98.

⁵ Páll Línal, 1987. Reykjavík, Sögustaður við Sund. 2. bindi, bls. 46.

⁶ Klemens Jónsson, 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 29.

⁷ Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnar, Ari Gíslason.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924. Jarðabók, 3. bindi, bls. 259-260.

⁹ Jón Helgason, 1937. Reykjavík 1786-1936.

¹⁰ Klemens Jónsson, 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 56.

¹¹ Lbs. Nr. 176 4to tilvitnun tekin úr K.J 1929, bls. 58.

¹² M.Steph.: Eptirmæli 18. aldar, litla útg. bls.144. tekið úr K.J. 1929, bls. 58.

Hlíðarhús til Reykjavíkur, ef bærinn gjaldi 9 vættir og 30 fiska árlega til prestsins á Helgafelli í Snæfellsnessýslu, sjá brauðskýrsluna þar".¹³



Mynd 3. Hlíðarhús (nr. 3-1) 1887, horft austur eftir. Hús norðan við er nr. 3-10.¹⁴

Árið 1703 bjuggu í Hlíðarhúsum 15 manns en 1762 voru íbúar orðnir 39.¹⁵ Þessa fjölgun má rekja til stofnunar Innréttinganna 1751, en þá fjölgaði tómthúsum á þessum stöðum og byggðin þéttist. Árið 1835 voru Hlíðarhús og Ánanaust lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.¹⁶ Jarðamörk áttu Hlíðarhús að Ánanaustum og Reykjavík (1837).

Hægt er að tengja uppbyggingu Hlíðarhúsalands að mestu til ársins 1866, en þá flutti þaðan burt ekkja frú E. Thorstensen, ábúandi í Hlíðarhúsum og tók bæjarstjórnin við jörðinni með hjáleigunni Ánanaustum. Einnig ákvað bæjarstjórnin að leggja Hlíðarhúsastíg (nú Vesturgata), byggja brunn og að skipta Hlíðarhúsatúni upp til áframhaldandi leigu og uppbyggingar.¹⁷



Mynd 4. Hlíðarhús. Vesturbær um 1920 en hann var rifin árið 1927.¹⁸

Hlíðarhús stóðu þar sem nú er Vesturgata 24, 26a, 26b, 26c, 28 og einnig yfir á Hlíðarhús b (Norðurbærinn). Á seinni hluta 19. aldar höfðu verið reist mörg býli í Hlíðarhúsum og voru þau Austurbær, Jóns Þórðarsonar-bær, Skáli eða Skálabær, Sund, Miðbær og Vesturbær sem mynduðu bæjarröðina (sjá mynd 2 og 5) en Norðurbærinn (nr. 3-2) stóð stakur fyrir norðan aðalbæjarröðina (sjá mynd bls. 3).

¹³ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, bls. 121.

¹⁴ Jón Helgason, 1937. Reykjavík 1786-1936.

¹⁵ Klemens Jónsson, 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 90.

¹⁶ Lýður Björsson, 1971. Safn til sögu Reykjavíkur, bls. 1.

¹⁷ Lýður Björsson, 1971. Safn til sögu Reykjavíkur, 176. Bæjarstjórnarfundur 6. mars 1866. 182 bæjarstjórnarfundur 25. júní 1866. 186. bæjarstjórnarfundur 15. des. 1866.

¹⁸ Mynd frá Árbæjarsafni (Ábs. -10.406).

Vesturbær stóð lengst en hann var rifinn árið 1927. Enn stendur þó einn veggur sem talið er að hafi verið hluti Hlíðarhúsarbæjanna, hann er í Hlíðarhúsi b við Nýlendugötu sem sjá má frá Ægisgötu. Þessi eining hefur tilheyrt Norðurbænum.

Hlíðarhúsabæirnir voru jafnan taldir til fyrirmyndar um alla gerð og umgengni. Um og eftir 1860 voru nokkrir bæir byggðir í Hlíðarhúsalandi, svo sem Mýrarholt (nr.3-37), Garðhús (nr. 3-53) og Bakki og voru þeir taldir mun byggilegri en bæir fyrir austan Reykjavík, einkum í Skuggahverfinu.¹⁹

Hjá Hlíðarhúsum stóð brunnur er var nefndur Hlíðarhúsabrunnur (nr. 3-21).²⁰ Meðfram Hlíðarhúsabæjunum var sjávangata niður í aðalvörina um 1870 (nr. 3-3).²¹ Eftir að Hlíðarhúsabæirnir byrjuðu að týna tölunni risu þar fjölmörg timburhús sem standa þar enn.



Mynd 5. Hlíðarhúsastígur (Vesturgata) og Hlíðarhús (Austurbær) 1897 séð í vestur.²²

Hlíðarhúsastígur (nr. 3-63) lá úr Grófinni vestur í Ánanaust. Þessi vegur var að mestu á sama stað og Vesturgata liggur nú, nema vestast við Ívarssel hefur hann verið færður vestar. Eftir að Jón Thorsteinsen landlæknir byggði „Doktorshúsið“ sunnan Vesturgötu og fram undir 1880 var gatan kölluð Læknisgata.²³ Árið 1860 voru tvö hús reist við Læknisgötu og var þá stefna hennar ákveðin vestur að Hlíðarhúsum. Haldið var áfram við uppbyggingu Vesturgötu árið 1866 er útmældar voru lóðir undir torfbæi vestur af þeim hluta sem var þá byggður.²⁴ Þetta var gert samkvæmt ákvæði Byggingarnefndar Reykjavíkur er lagði til að vegurinn skyldi leggjast vestur eftir í beinni línu, svo langt sem Hlíðarhúsaloðin næði á milli húsa Péturs Gíslasonar í Ánanaustum og Jakobs Steingrímssonar í Seli. Nefndin taldi að með tímanum myndi Vesturgatan verða aðalvegurinn fram á Seltjarnarnes og þar af leiðandi var ákveðið að vegurinn skyldi vera nokkuð breiður eða 7 álnir (4,27m). Einnig voru þvergöturarnar Brunnstígur (nr. 3-23) og Bakkastígur (nr. 3-64) fastsettar, en nefndin ályktaði að hin austari skyldi liggja meðfram Hlíðarhúsum vestanvert niður að sjó og hin ytri skyldi liggja fyrir vestan hjallann á Mýrarholti.²⁵ Nokkrum árum síðar höfðu fjölmörg hús verið reist við Vesturgötu og þvergötur hennar.

¹⁹ Klemens Jónsson, 1929. Saga Reykjavíkur, seinna bindi, bls. 45.

²⁰ Ari Gíslason. Reykjavík og Seltjarnarnes, bls. 11.


²¹ Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 29.

²² Kópía frá National Museet Danmark, (Ábs- 10.404).

²³ Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 225.

²⁴ Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, seinna bindi, bls. 44, 47.

²⁵ Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, seinna bindi, bls. 57.



Mynd 6. Samsett kort Hlíðarhús, staðsetning fornleifa sem tilheyra Hlíðarhúsajörðinni.

4. Hluti af fornleifaskrá jarðarinnar Hlíðahúsa

Hlíðarhús 181283-3-1 Torfbær

Sérheiti: Austurbær, Jóns Þórðarsonar bær, Skáli, Sund, Miðbær, Vesturbær,
Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Hlíðarhús eru sýnd sem 10 burstir á korti Sveins Sveinssonar 1887. Bærinn hefur verið um 40 m langur og 8 m breiður. Þessar burstir báru heitin frá austri, Austurbær, Jóns Þórðarsonar bær, Skáli eða Skálabær, Sund, Miðbær og Vesturbær. Síðan voru byggð tvö til þrjú býli þar vestur af (Hlíðarhúsum) og stendur vestasti bærinn, Vesturbærinn, enn þann dag í dag (árið 1929). Þar fyrir norðan var Norðurbærinn. Með fram þessum síðastnefndu býlum lá síðan gata til sjávar niður í aðalvörina um 1870. Hlíðarhús stóðu þar sem nú er Vesturgata 24, 26a, 26b, 26c, 28 og Ægisgata 7

Heimildaskrá

J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn.

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi. Reykjavík. Pál Línal, 1987. Sögustaðir við Sund. 2 bindi, Reykjavík.

Hlíðarhús, samsett kort, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-2 Torfbær

Sérheiti: Norðurbær

Tegund: Hús 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktar inn 2 burstir. Bærinn hefur verið um 8 m langur og 8 m breiður. „Síðan voru

byggð tvö til þrjú býli þar vestur af (Hlíðarhúsum). Þar fyrir norðan var Norðurbærinn, sem enn eru menjar af (2003). Með fram þessum síðastnefndu býlum var sjávangata niður í aðalvörina um 1870. Nú er þarna Hlíðarhús b.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 29. Reykjavík.

Hlíðarhús, samsett kort, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-3 Stígur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merkt inn sjávangata, sem lá norðaustur frá Hlíðarhúsabænum og hefur verið um 650 m löng. „Meðfram þessum síðastnefndu býlum var sjávangata niður í aðalvörina um 1870.” Gata þessi nær yfir lóðirnar: Ægisgötu 7, Nýlendugötu 10, Tryggvagötu 4 - 6 og út í Mýragötuna.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Klemens Jónsson. 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi, bls. 29. Reykjavík.

Samsett kort Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-4 Vör

Sérheiti: Hlíðarhúsasandur,

Kríusandur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Meðfram þessum síðastnefndu býlum var sjávangata niður í aðalvörina um 1870,” Þaðan reru Hlíðarhúsabændur, Hlíðarhúsavör var þar sem nú mæstast

Mýrargata og Ægisgata. Á seinni hluta 19. aldar réru þaðan Hlíðarhúsabændurnir Jón Ólafsson og Jón Guðmundsson frá Norðurbæ, Ólafur Guðlaugsson frá Vesturbæ, Jón Þórðarson frá Jónsbæ og Sigurður Þórðarson frá Skála.

Heimildaskrá

Klemens Jónsson, 1929. Saga Reykjavíkur, fyrra bindi. Reykjavík. Þórbergur Þórðarson, 1936-40. Landnám Ingólfs 2, Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi 19. aldar. Reykjavík
Samsett kort Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-5 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn hjallur, rétt austan við sjávargötuna, þessi hjallur er nyrstur af 4 hjöllum við götuna. Stærð um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann í miðri Tryggvagötu til móts við hús númer 4-6.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-6 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn hjallur, rétt austan við sjávargötuna, þessi hjallur er næst nyrstur af 4 hjöllum við götuna. Stærð um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann á lóð Tryggvagötu 4-6.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-7 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn hjallur, rétt austan við sjávargötuna, þessi hjallur var einn af 4 hjöllum við götuna. Stærð um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann á lóð Tryggvagötu 4-6.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-8 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn hjallur, rétt austan við sjávargötuna, þessi hjallur var einn af 4 hjöllum við götuna. Stærð um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann austan við húsið Nýlendugötu 10.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-9 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn hjallur, um 12m austan við sjávargötuna, stærð um 7m x 7m. Væri hann uppistandandi enn væri hann rétt norðaustan við Norðurbæinn.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-10 Torfhús

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merkt inn lítið hús vestast við Hlíðarhúsabæinn. Stærð um 3m x 6m. Væri það uppistandandi enn, væri það þar sem nú er Ægisgata 7.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-11 Torfbær

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn tveggja bursta bær norðan við austasta Hlíðarhúsabæinn, stærð um 12m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann þar sem nú er Vesturgata 26a.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-12 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn hjallur, stærð um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann þar sem nú er Nýlendugata 4.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003.

Hlíðarhús 181283-3-13 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er mældur inn hjallur, stærð um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann á lóðinni Norðurstígur 3.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283 3 - 14 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru tveir hjallar, vestan við Norðurstíginn, sá syðri er um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann á lóð Tryggvagötu 8.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-15 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru mældir inn 2 hjallar vestan við Norðurstíg, sá nyrðri er um 6m x 6m. Væri hann uppistandandi enn væri hann þar sem nú er Tryggvagata 8.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-16 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir inn 3 hjallar vestan við sjávargötuna frá Hlíðarhúsum, sá sem er austastur og næstur götunni er um 6m x 6m. Hann var þar sem nú er Tryggvagata, vestast við húsið númer 4-6.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003.

Hlíðarhús 181283-3-17 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru mældir inn 3 hjallar vestan við sjávangötuna frá Hlíðarhúsum, sá sem er nyrstur og næstur mýrinni er um 6m x 6m. Hann var þar sem nú er Geirsgata 1.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-18 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru mældir inn 3 hjallar vestan við sjávangötuna frá

Hlíðarhúsum, sá sem er syðstur á svæðinu er um 6m x 6m. Hann var þar sem nú er gangstéttin við Tryggvagötu að sunnan til á móts við Nýlendugötu 10.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-19 Torfbær

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er mældur inn þriggja bursta bær á sjávarkambinum, 36m vestan við sjávangötuna frá Hlíðarhúsum, stærð um 9m x 15m. Þar er nú Ægisgarður, vestan við Geirsgötu 1.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísu Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-20 Brunnur

Tegund: Brunnur 465

Staðhættir og lýsing

Brunnurinn er inni á lóð Nýlendugötu 12, rétt austan við húsið, á milli tveggja trjáa þétt við gangstéttina. Steinhlaðinn hringlaga brunnur, þrjár raðir sáust.

Heimildaskrá

Vettvangsferð 2002 (ALG).

Hlíðarhús 181283 3-21 Brunnur

Sérheiti: Hlíðarhúsabrunnur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er mældur inn brunnur 30 metrum vestan við vestasta Hlíðarhúsabæinn. Heim að þessum brunni hefur legið gata en nú er þarna baklóð Nýlendugötu 11a. Hjá Hlíðarhúsum var Hlíðarhúsabrunnur. Vatnsból (5) var á mótum Ægisgötu og Nýlendugötu. Í það var sótt úr Doktorshúsi (Ránagötu 13), Hlíðarhúsum og húsunum við Vesturgötu.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Einar S. Arnalds, 1989. Reykjavík, Sögustaður við sund, 4. bindi. Reykjavík. Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarnes, Ari Gíslason, Örnefnastofnun.

Hlíðarhús 181283 3-22 Brunnur

Tegund: Brunnur 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er Brunnstígur vegur frá Vesturgötu niður í átt til sjávar að brunni. Brunnurinn hefur verið á móts við Brunnstíg 9, á ónúmeraðri lóð norðan við Mýrargötu 18. Brunnurinn tilheyrði Bakka.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísía
Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafni.

Hlíðarhús 181283-3-23 Vegur

Sérheiti: Brunnstígur

Tegund: Vegur 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er Brunnstígur vegur frá Vesturgötu niður í átt til sjávar að brunni. Út frá Brunnstíg gekk Örfiriseyjargrandi og lá norðaustur út í suðurenda Örfiriseyjar allt til þess að vestari hafnargarðurinn var hlaðinn. Niður undan Brunnstíg var Hlíðarhúsasandur. Brunnstígur er enn notaður í dag sem gata.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Þórbergur Þórðarson, 1972. Frásagnir, Lífnaðarhættir í Reykjavík. Reykjavík.

Hlíðarhús 181283-3-24 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir inn fjórir hjallar niður og vestur af Brunnstíg, sá austasti var stærstur 4m x 8m. Nú er þarna Stálsmiðjan að Mýrargötu 10-12. Mýrin þarna var kölluð Svartiskógur.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísía Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-25 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktir inn fjórir hjallar niður og vestur af Brunnstíg, sá næst austasti var 4m x 4m. Nú er þarna Stálsmiðjan að Mýrargötu 10-12. Mýrin þarna var kölluð Svartiskógur.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísía Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-26 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir inn fjórir hjallar niður og vestur af Brunnstíg. Sá sem var næst vestastur var 3m x 3m. Nú er þarna Stálsmiðjan að Mýrargötu 10-12. Mýrin þarna var kölluð Svartiskógur.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísía Guðmundsdóttir, 2003.

Hlíðarhús 181283-3-27 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir inn fjórir hjallar niður og vestur af Brunnstíg. Sá sem var beint niður af Brunnstíg var um 4m x 4m. Nú er þarna Stálsmiðjan að Mýrargötu 10-12. Mýrin þarna var kölluð Svartiskógur.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Lísía Guðmundsdóttir, 2003.

Hlíðarhús 181283-3-28 Torfhús

Sérheiti: Austurbakki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn tveggja bursta torfbær norðarlega á skikanum á milli Brunnstígs og Bakkastígs. Nú er þarna Brunnstígur 9.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn.

Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Líska
Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-29 Torfbær

Sérheiti: Vesturbakki

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar er merktur inn tveggja bursta bær norðarlega á skikanum á milli Brunnstígs og Bakkastígs. Stærð hússins var 6m x 12m og 4m x 6m. Nú er þarna lóðin Mýragata 22. „Gíska-vör var kennd við Gíska Björnsson formann (Gísli byggði sér stóran torfbæ, þar sem nú er Vesturbakki) sem reri úr vörinni og drukknaði í mannskaðaveðri vestur af Gróttu nálægt 1890”.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Þórbergur Þórðarson, 1935-36. Landnám Ingólfs. II. Lifnaðarhættir í Reykjavík. Reykjavík. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Líska Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283 3-30 Vör

Sérheiti: Gíslavör

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Milli Ánanaustavara og Bakkasands voru Garðhúsavör og Gíslavör. „Gíslavör hét smávör vestan við Bakkasand og var klettur á milli hennar og Sandsins kallaður Ingimundarklettur. Mun hann hafa dregið nafn sitt af Ingimundi á Eystri-Bakka. Gíslavör var kennd við Gíska Björnsson formann (Gísli byggði sér stóran torfbæ, þar sem nú er Vesturbakki) sem reri úr vörinni og drukknaði í mannskaðaveðri vestur af Gróttu nálægt 1890”.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Þórbergur Þórðarson, 1935-36. Landnám Ingólfs. II. Lifnaðarhættir í Reykjavík.

Hlíðarhús 181283 3-31 Vör

Sérheiti: Garðhúsavör

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Milli Ánanaustavara og Bakkasands voru Garðhúsavör og Gíslavör.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Reykjavíkur og Seltjarnarness, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Hlíðarhús 181283-3-32 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru merktir inn fjórir hjallar sunnan við Austurbakka. Sá sem var suðaustur af Austurbakka mun hafa verið um 4m x 4m. Nú er þarna lóð Brunnstígs 9.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Líska Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-33 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru mældir inn fjórir hjallar sunnan við Austurbakka. Sá sem var beint suður af Austurbakka mun hafa verið um 3m x 3m. Nú er þarna lóð Brunnstígs 9.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Líska Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús 181283-3-34 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Á korti Sveins Sveinssonar eru mældir inn fjórir hjallar sunnan við Austurbakka. Sá sem var 15 m suður af

Austurbakka mun hafa verið um 3m x 3m. Nú er þarna lóð Brunnstígs 9.

Heimildaskrá

Kort, Reykjavík 1887, mælt og uppdregið eftir Svein Sveinsson búfræðing, 1:3000, Árbæjarsafn. Samsett kort, Hlíðarhús, Anna Líska Guðmundsdóttir, 2003. Árbæjarsafn.

Hlíðarhús - 181283-3-35 Hjallur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

